

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 916/2009, um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

a. 1. mgr. 3. gr. orðast svo:

Stjórn lífeyrissjóðs skal móta og kunngera fjárfestingarstefnu fyrir sjóðinn og einstakar deildir hans og ávaxta fé sjóðsins og einstakra deilda hans í samræmi við reglur og innan þeirra marka sem tilgreind eru í VII. kafla laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

b. Í stað „3. gr.“ í 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar kemur: 4. gr.

#### 2. gr.

2. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglugerðarinnar:

a. Í stað „1. mgr. 36. gr.“ í 1. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar kemur: 36. gr. a.

b. Í stað „7. gr.“ í 2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar kemur: 8. gr.

#### 4. gr.

Í stað orðsins „lífeyrissjóður“ í i-lið 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar kemur: vörsluaðili.

#### 5. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Fjárfestingarstefna skal dagsett og undirrituð af stjórn vörsluaðila lífeyrissparnaðar í séreign og framkvæmdastjóra.

#### 6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 39. gr. a laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, tekur þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 28. nóvember 2018.*

F. h. r.

**Guðrún Þorleifsdóttir.**

*Anna V. Ólafsdóttir.*